

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir eða deiliskipulagsbreytingar.

1. *Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Öndverðarness, Kambshverfi, í Grímsnesi.*
Svæðið er 70,0 ha að stærð og liggur milli Óruness og Snæfoksstaða og suður að Hvítá. Gert er ráð fyrir 67 lóðum fyrir frístundabyggð og eru stærðir lóðanna frá 5.000 m² að 6.500 m².
Samþykkt í sveitarstjórn 6. apríl 2005.
2. *Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Minna-Mosfells, Grímsnesi.*
Gert er ráð fyrir 56 frístundalóðum á bilinu 5.700-9.600 m² á 75 ha svæði norðan Biskupstungnabrautar og vestan Mosfells.
Samþykkt í sveitarstjórn 15. febrúar 2006.
3. *Deiliskipulag 8 frístundalóða í landi Vaðness í Grímsnesi.*
Deiliskipulagssvæðið er 8,0 ha og er gert ráð fyrir 8 1,0 ha lóðum við Nesveg og Höskuldslæk.
Samþykkt í sveitarstjórn 1. júní 2005.
4. *Breyting á deiliskipulagi lóða nr. 1 og 3 í landi Kringlu, Grímsnesi.*
Breytingin felst í því að byggingareitir lóða nr. 1 og 3 lengjast um 200 m til vesturs þar sem byggingaland er betra.
Samþykkt í sveitarstjórn 13. október 2004.
5. *Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Ásgarðs í Grímsnesi.*
Í breytingunni felst að lokað verði fyrir gegnumakstur frá Lokastíg yfir að Ásabraut. Lóðum fjölgar um 3 og lögun þeirra breytist. Breytingin nær til núverandi lóða númer 2, 4, 6, 12, 14 og 16.
Samþykkt í sveitarstjórn 6. júlí 2006.
6. *Endurskoðun deiliskipulags íbúðabyggðar á Borg, Grímsnesi.*
Gert er ráð fyrir 55 íbúðahúsalóðum (17 einbýlishúsalóðum, 38 parhúsalóðum) til viðbótar þeim sem fyrir eru. Einnig er gert ráð fyrir verslun og þjónustu á svæðinu. Um er að ræða 20 ha lands.
Samþykkt í sveitarstjórn 19. apríl 2006.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 3. ágúst 2006.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.